


Gagnsýn



Einingin Gagnsýn birtir tíðni sýklalyfjaávisana lækna út frá ýmsum breytum, s.s. uppskipt eftir aldurshópum og kyni, auk þess að reikna ávisanirnar út sem hlutfall af fjölda einstaklinga sem læknir hittir í heild, út frá skráðum samskiptum og eins sem hlutfall af útgefnum lyfseðlum eingöngu. Þetta er gert fyrir sérhvern lækni. Einnig eru tölurnar reiknaðar út fyrir hverja stöð fyrir sig, sem og allar stöðvar sem skráðar eru í sama gagnagrunn.

Upplýsingarnar eru fyrst og fremst dregnar saman út frá ATC-kóða og heiti lyfjaflokks (virku innihaldsefni) og er svo hægt að skoða út frá ráðlögðum dagskammti (DDD) eða ávísuð magni af tilteknu formi og styrk lyfsins.


Við vinnslu gagnanna er mögulegt að stilla fyrir tiltekið almanaksár og fæst þá heildarútreikningur fyrir það ár. Á meðan yfirstandandi ár er að líða væri sömuleiðis hægt að stilla núverandi ár og skoða þá það sem af er árinu, en þetta þarf að gerast í sitthvorri keyrslunni og töflurnar hreinsast á milli. Síðar verður svo skoðað hver ákjósanleg uppskipting tímabila yrði fyrir frekari útfærslu þannig að hægt verði t.d. að bera saman ársfjórðunga milli tveggja ára.



Sýklalyfjaúrvinnsla í Gagnsýn inniheldur tölfraeði yfir öll sýklalyf sem hefur verið ávísað en þau eru ekki birt undir sérlyfjaheitum, heldur lyfjaflokkum. Augmentin (J01CR02) fellur því t.d. undir flokkinn Amoxicillin and beta-lactamase inhibitor (J01CR02).

Notandi getur stillt hvað og hversu mikið sést hverju sinni í einingunni svo þess vegna gæti einhverjum fundist vanta eitthvað þar sem það tikkar ekki hátt á völdu tímabili eða sýnin sem valin er endurspeglar algengisröð út frá öðrum forsendum. Þar er sérstaklega mikilvægt sjónarhornið, þ.e.a.s. hvort valið er að raða í algengisröð fyrir lækni, stöð eða stofnun. Dæmigert er að 10 algengustu lyfin sjáist út frá þeirri röðun, en fjölda sýnilegra lyfja er hægt að stilla með því að draga til kvarðann sem sést undir Fjöldi lyfja.

Fjöldi lyfja:



Þegar einingin er opnuð þá eru gögnin sjálfkrafa miðuð út frá læknum sjálfum, en hægt er að smella á tákmynd fyrir stöð eða stofnun til að algengisröðin miðist við þau sjónarhorn.

Sjónarhorn:



Raða eftir mínum skráningum. Gögnin raðast eftir skráningum innskráðs læknis, þannig að algengustu skráningar koma fyrst.

Raða eftir öllum skráningum stöðvar. Gögnin raðast eftir skráningum á stöð, þannig að algengustu skráningar allra lækna stöðvarinnar koma fyrst.


Raða eftir öllum skráningum stofnunar. Gögnin raðast eftir skráningum á stofnun, þannig að algengustu skráningar allra lækna stofnunarinnar koma fyrst.

Lyfjaflokkur:

Hægt er að velja ákveðna lyfjaflokka í fjölvalsfellilistanum en þá þarf að athuga að ef læknir á ekki sjálfur ávísun á einhvern þeirra lyfjaflokka á völdu ári, þá getur litið út fyrir að þeir séu ekki til staðar ef sjónarhorn læknis er valið. Þá er um að gera að velja annaðhvort stöð eða stofnun og sjá súlurnar raðast upp á nýtt (og fjölga sýnilegum lyfjum ef þess er óskað).



Athugið að ef ekkert er valið í lyfjaflokkum og ef notandi hakar í „Velja allt“ þá birtast sömu niðurstöður. Þegar notandi hakar í lyfjaflokk verður hann að muna að smella á „Staðfesta“, annars gerist ekkert.




Ár:

Þegar valin eru fleiri en eitt ár í Gagnasýninni þá breytist yfirlitið í spjaldsýn.

- Ár
- 2019
 - 2018
 - 2017
 - 2016



Athugið að ef merkimiða virðist vanta undir súlur, þá er það vegna þess að súluritin stilla sig sjálf út frá skjástærð og þá er stundum ekki pláss fyrir merkingar á hvern einasta flokk. En þegar svifið er yfir súlurnar sjást alltaf ákveðnar upplýsingar, þ.m.t. heiti lyfjaflokksins, tölur sem liggja að baki o.þ.h..



Að síðustu skal tekið fram að tölurnar í einingunni eru reiknaðar út frá fjölda samskipta, þ.e.a.s. hversu oft tekur læknir raunverulega ákvörðun um að ávísa sýklalyfi, en ekki hversu marga lyfseðla hann gaf út í sömu samskiptum.

Með kveðju,

Origo Heilbrigðislausnir